

Punkturinn 2. tbl. 2011 - Fréttabréf um skattamál

Í þessu tölublaði Punksins, fréttabréfs Skatta- og lögfræðisviðs Deloitte, er fjallað um fjölbreytt skattaleg álitafni, álit ríkisskattstjóra, sem hefur alveg nýja sýn og dóma sem hafa fallið frá því síðasta tölublað kom út.

Er það von okkar að þessi samantekt komi að gagni og sé upplýsandi fyrir lesendur. Eins og ávallt eru starfsmenn Skatta- og lögfræðisviðs reiðubúnir að svara spurningum, sem kunna að vakna við lestur Punksins.

- **Ef leiðréttingarskylda virðisaukaskatts hefur orðið virk, áður en nauðungarsala fasteignar fer fram, skapar salan ekki grundvöll fyrir niðurfellingu leiðréttingarskyldunnar.** Sjá úrskurð YSKN nr. 244/2010, bls. 2.
- **Ríkisskattstjóra er heimilt að líta til atvika sem benda til þess að stofnun félaga sé gerð til málamynda í skattalegu tilliti.** Sjá úrskurð YSKN nr. 268/2010, bls. 2.
- **Bifreiðaviðskipti sem skráð voru á nafn og kennitölu sem fengin höfðu verið að láni ekki talin vera stunduð í atvinnu- eða hagnaðarskyni þess sem lánaði kennitölu sína, þrátt fyrir töluvert umfang.** Sjá úrskurð YSKN nr. 370/2010, bls. 2.
- **Hæstiréttur staðfestir úrskurð héraðsdóms um að leita álits EFTA-dómstólsins á því hvort það samrýmist EES-samningnum að íslenska ríkið hindri íslenskan ríkisborgara, búsettan á Bretlandi um að flytja íslenskar krónur, keyptar á aflandsmarkaði, til Íslands.** Sjá dóm Hæstaréttar nr. 38/2011, bls. 3.
- **Ef skylda er til að reikna sér endurgjald á því ári sem rekstur er seldur úr einkahlutafélagi, þá skattleggst arður sem greiddur er til eigenda á söluárinu og eftir sölu rekstrar, umfram 20% af skattalega bókfærðu virði eigin fjár til helminga, sem laun. Arður sem greiddur er á árinu eftir sölu, skattleggst sem fjármagnstekjur, enda er ekki um að ræða skyldu eigenda til að reikna sér endurgjald vegna vinnuframlags.** Sjá ákvarðandi bréf nr. 11/1, bls. 3.
- **Ef stjórnarmaður telst starfa við eigin rekstur félags í skilningi tekjuskattslaga, ber honum að reikna sér endurgjald fyrir slík störf. Ef sú skylda er fyrir hendi, þá fellur arðsúthlutun umfram 20% af skattalega bókfærðu eigin fé félagsins undir ákvæði 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga. Ef sú skylda er ekki fyrir hendi, þá skattleggst úthlutaður arður með fjármagnstekjuskatti.** Sjá ákvarðandi bréf nr. 11/2, bls. 4.
- **Sönnunarbyrðin lögð á bankana um að gengistryggð lán hafi verið hagkvæmari kostur fyrir lántakanda. Til að fá niðurstöðu um kröfugerð verður að halda kröfu til streitu í máli. Lögspurningar ekki heimilrar fyrir dómstólum.** Sjá nánar dóm Hæstaréttar nr. 603/2010, bls. 4.
- **Endurgreiðsluskylda banka staðfest í héraðsdómi, ef um ofgreiddar afborganir er að ræða á ólögætum gengistryggðum lánnum.** Sjá dóm héraðsdóms E-5215/2010, bls. 5.
- **Gæti verið von á breytingum á lögum eða framkvæmd skattalaga hvað við kemur álagi og fésektum.** Sjá álit umboðsmanns Alþingis nr. 5925/2010, 5926/2010 og 5927/2010, bls. 5.



Úrskurður yfirséðingarnefndar nr. 244/2010

Ef leiðréttingarskylda virðisaukaskatts hefur orðið virk, áður en nauðungarsala fasteignar fer fram, skapar salan ekki grundvöll fyrir niðurfellingu leiðréttingarskyldunnar.

Málavextir voru þeir að skattstjóri hækkaði virðisaukaskatt kæranda vegna leiðréttingar innskatts. Ástæða breytinga skattstjóra voru þær að kærandi sem skráður var sérstakri skráningu vegna byggingar fasteignar hafði notið innskattsfrádráttar vegna framkvæmda við húsnæðið. Kærandi hafði selt fasteignina sem leiddi af sér breytingu á forsendum fyrir frádrætti innskatts sem kæranda bar skylda til að leiðrétta, samkvæmt lögum um virðisaukaskatt og reglugerðar nr. 192/1993, um innskatt. Hins vegar var því þannig háttáð að kaupandi fasteignarinnar var ekki skráður á grunnskrá virðisaukaskatts og gat því ekki yfirtekið leiðréttingarskyldu vegna eftirstöðva leiðréttingartímabils.

Kærandi krafðist þess að frá ákvörðun skattstjóra yrði fallið og innskattur kæranda látinn vera óbreyttur, þar sem um neyðaráráðstöfun hafi verið að ræða hjá eiganda kæranda til að komast hjá yfirtöku lánveitanda á fasteigninni. Ætlunin hafi verið að kaupandi yfirtæki leiðréttingarkvöðina en fasteignin hafi síðan verið seld nauðungarsölu í tvennu lagi og því hafi lögskil vegna eigendaskiptanna aldrei farið fram.

Að mati yfirséðingarnefndar hafði ekki komið fram í framsali kæranda á fasteigninni að kaupandi yfirtæki skyldu seljanda til að leiðrétta innskatt hvað varðaði framkvæmdir við fasteignina. Að auki segir í úrskurði nefndarinnar að ekki hafi verið gengið frá því með formlegum hætti að kaupandi yfirtæki skyldu seljanda til að leiðrétta innskattsfrádrátt, yrði breyting á forsendum hans, enda hafi ekki verið kveðið á um slíkt í afsali um eignina. Yfirlýsing kaupanda um yfirtöku á leiðréttingarskyldu kom ekki fram með öðrum hætti við kaupin. Einnig benti yfirséðingarnefnd á að skv. 2. tölul. 2. mgr. 13. gr. reglugerðar um innskatt, þá fellur leiðréttingarskylda niður þegar eign er seld nauðungarsölu.

Komst yfirséðingarnefnd því að þeirri niðurstöðu að skylda kæranda til að standa skil á áður fengnum innskattsfrádrætti vegna byggingar fasteignarinnar hafi orðið virk vegna sölu

fasteignarinnar til aðila sem ekki var bær til að yfirtaka leiðréttingarskyldu virðisaukaskatts. Nauðungarsala fasteignarinnar fór fram eftir að leiðréttingarskyldan varð virk. Var hún því ekki talin skapa grundvöll fyrir niðurfellingu leiðréttingarskyldunnar og kröfum kæranda því hafnað.

Úrskurður yfirséðingarnefndar nr. 268/2010

Ríkisskattstjóra er heimilt að líta til atvika sem benda til þess að stofnun félaga sé gerð til málamynda í skattalegu tilliti.

Í máli þessu var kærandi samlagsfélag en með úrskurði sínum hafði ríkisskattstjóri hafnað því að kærandi uppfyllti skilyrði sjálfstæðrar skattskyldu skv. 3. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga um tekjuskatt, og felldi niður álagðan tekjuskatt af þeim sökum. Í úrskurði ríkisskattstjóra kom fram að tilkynnt hefði verið um stofnun félagsins til firmaskrár og í félagasamningi hafi komið fram að samlagsfélagið skyldi vera sjálfstæður skattaðili. Í samningnum hafi einnig komið fram að stofnfé félagsins væri ekkert og að eignarhlutföll skiptust á þann veg að hlutur H væri 99,9% og hlutur HH væri 0,1%. Einnig hafi komið fram að H bæri ábyrgð á öllum skuldum félagsins gagnvart þriðja manni en engin ábyrgð hvíldi á HH. Að auki sagði í samningnum að hagnaði félagsins eða tapi skyldi skipta pro rata í samræmi við eignarhlutföll og átti það einnig við ef félagið ætti ekki fyrir skuldum við slit þess, hvað varðaði það sem á myndi vanta við slitin.

Í úrskurði ríkisskattstjóra kemur jafnframt fram að þar sem HH hafi ekki lagt fram stofnfé við stofnun félagsins, þá yrði ekki talið að ábyrgð fylgdi óverulegum eignarhluta hans. Yrði því að líta svo á að um einkarekstur H væri að ræða og því ekki skilyrði fyrir sjálfstæðri skattskyldu. Ætti að þeim sökum að skattleggja tekjur félagsins hjá H.

Að mati yfirséðingarnefndar var ljóst í tilviki kæranda að ekki væri um neitt fjárframlag HH til félagsins að ræða enda engu stofnfé til að dreifa. Þegar litið væri til þess og til ákvæða félagssamningsins um eignarhlutföll og ábyrgð sem leiddu af sér að ábyrgð HH á störfum félagsins væri í raun hverfandi og að um nákomna aðila væra að ræða, þá yrði að fallast á það með ríkisskattstjóra að atvik bentu til þess að stofnun félagsins hafi verið til málamynda. Var kröfum kæranda því

hafnað.

Úrskurður yfirséðingarnefndar nr. 370/2010

Bifreiðaviðskipti sem skráð voru á nafn og kennitölu sem fengin höfðu verið að láni ekki talin vera stunduð í atvinnu- eða hagnaðarskyni þess sem lánaði kennitölu sína, þrátt fyrir töluvert umfang.

Í máli þessu var deilt um hvort virða bæri bifreiðaviðskipti kæranda á árunum 2005 og 2006 sem atvinnurekstur í skattalegu tilliti, þannig að skattleggja bæri söluhagnað kæranda sem tekjur af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi. Í úrskurði skattstjóra kom fram að í skattframtölum kæranda fyrir árin 2006 og 2007 hefði hún ekki fært sér til tekna skattskyldan söluhagnað vegna bifreiðaviðskipta.

Í kjölfar fyrirspurnarbréfs skattstjóra hafði umboðsmaður kæranda lagt fram yfirlit yfir kaup og sölur bifreiða á árunum 2005 og 2006. Komu þar fram upplýsingar um kaup- og söluverð einstakra bifreiða en um var að ræða kaup og sölu samtals 44 bifreiðum. Samkvæmt upplýsingum frá kæranda hefði sölutap bifreiða numið 309.535 kr. fyrra árið og 655.000 kr. það síðara. Að mati skattstjóra hafði söluhagnaður kæranda numið 5.561.937 kr. fyrra árið en síðara árið hefði sölutap numið 665.000 kr. Skattstjóri kvaðst líta svo á að um væri að ræða atvinnurekstur kæranda skv. almennum viðmiðum sem stuðst hefði verið við í skatt- og úrskurðaframtölum við mat á því í einstökum tilvikum hvort um atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi væri að ræða. Taldi hann skilyrði um umfang vera uppfyllt þar sem um 44 bifreiðar væri að ræða og kærandinn hefði stundað starfsemina í a.m.k. sex ár (þessi ályktun ekki skýrð frekar) og væri því um reglubundna starfsemi að ræða. Hin reglubundnu viðskipti með bifreiðar og hagnaður af þeim þættu benda til þess að starfsemin hefði verið rekin í hagnaðarskyni.

Í kæru til yfirséðingarnefndar fór kærandi fram á að úrskurður skattstjóra yrði felldur úr gildi. Byggðist krafan á því að kærandi hafi engar tekjur haft af bifreiðaviðskiptum á umræddum árum. Barnsfaðir kæranda, B, starfaði sem bifreiðasali og hafi sem slíkur staðið fyrir innflutningi á þeim bifreiðum sem um ræddi í málinu. B var á vanskilaskrá og af þeim sökum hafi það verið honum erfitt að flytja bifreiðar inn til landsins og selja þær í eigin nafni. B hafi því notað nafn og kennitölu

kærandi við innflutning og sölu bifreiðanna. Raunveruleikinn var því sá að B hafi flutt umræddar bifreiðar inn en ekki kærandi. Til vara var þess krafist að kaupverð bifreiða væri ákvarðað í samræmi við gögn sem kærandi hafi sent til skattstjóra. Samkvæmt því væri tap á rekstri kærandi 539.535 kr. í stað hagnaðar upp á 5.561.937 kr.

Að öllu því sem lá fyrir um bifreiðaviðskipti kærandi og með hliðsjón að skýringum hennar þá féllst yfirsattnefnd á það með kærandi að ekki hafi verið um atvinnurekstur hennar að ræða. Var því fallist á þá kröfu kærandi að fella úrskurð skattstjóra úr gildi. Því var ekki tekin efnisleg afstaða til vara-kröfunnar.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 38/2011, frá 7. febrúar 2011. Seðlabanki Íslands gegn Pálma Sigmarssyni

Hæstiréttur staðfestir úrskurð héraðsdóms um að leita álits EFTA-dómstólsins á því hvort það samrýmist EES-samningnum að íslenska ríkið hindri íslenskan ríkisborgara, búsettan á Bretlandi um að flytja íslenskar krónur, keyptar á aflandsmarkaði, til Íslands.

Kærður var úrskurður héraðsdóms þar sem tekin var til greina krafa P um að leitað yrði ráðgefandi álits EFTA-dómstólsins um nánar tilgreind atriði í tengslum við mál hans á hendur Seðlabanka Íslands.

Málavextir voru þeir að P seldi fasteign sem hann átti í útlöndum þann 25. október 2009 og keypti íslenskar krónur fyrir söluandvirðið. Sótti hann um undanþágu frá þágildandi reglum um gjaldeyrismál til að mega flytja gjaldeyrinn til Íslands. Umsókninni hafnaði Seðlabankinn og var niðurstaðan staðfest með úrskurði efnahags- og viðskiptaráðuneytisins.

Fyrir héraðsdómi krafðist P meðal annars að ákvörðun Seðlabankans yrði dæmd ógild. Reisti hann kröfu sína meðal annars á því að ákvörðunin væri andstæð ákvæðum EES-samningsins um frjálsa fjármagnsflutninga milli ríkja. Hæstiréttur taldi að skýra yrði hinar matskenndu undanþágureglur gjaldeyrislaða með tilliti til 4. kafla III. hluta EES-samningsins. Var því úrskurður héraðsdóms um að leitað yrði álits EFTA-dómstólsins á því hvort það samrýmdist 2. mgr. og 4. mgr. 43. gr. EES-

samningsins, að íslenska ríkið hindri íslenskan ríkisborgara, búsettan á Bretlandi, að flytja íslenskar krónur sem hann hefur keypt á aflandsmarkaði á Bretlandi, til Íslands.

Ákvarðandi bréf nr. 11/1 - Svar við fyrirspurn um ákvörðun arðs og launa

Ef skylda er til að reikna sér endurgjald á því ári sem rekstur er seldur úr einkahlutafélagi, þá skattleggst arður sem greiddur er til eigenda á söluárinu og eftir sölu rekstrar, umfram 20% af skattalega bókfærðu virði eigin fjár til helminga, sem laun. Arður sem greiddur er á árinu eftir sölu, skattleggst sem fjármagnstekjur, enda er ekki um að ræða skyldu eigenda til að reikna sér endurgjald vegna vinnuframlags.

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra frá 17. janúar 2011, svaraði ríkisskattstjóri fyrirspurn um ákvörðun arðs og launa. Í fyrirspurnabréfi til ríkisskattstjóra kemur fram að á árinu 2010 hafi rekstur ónafngreinds einkahlutafélags verið seldur og kaupandi yfirtekið réttindi og skyldur gagnvart almennum starfsmönnum. Rekstur félagsins var aflagður og hvorki eigendur né aðrir starfsmenn starfi lengur í þágu þess. Ekki hafi verið tekin ákvörðun um félagslitt.

Með bréfinu var leitað svara við eftirfarandi spurningum:

1. *Hvort arður sem greiddur er til eigenda á þessu ári, eftir sölu reksturs, umfram 20% af skattalegu bókfærðu virði eigin fjár, skattleggist sem almennar fjármagnstekjur, en ekki sem laun.*

2. *Hvort arður sem greiddur er til eigenda á árinu 2011, umfram 20% af skattalegu bókfærðu virði eigin fjár, skattleggist sem almennar fjármagnstekjur, en ekki sem laun.*

Í svari ríkisskattstjóra er saga og tilgangur 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaganna rakin, þar sem fram kemur að ákvæðinu sé ætlað að koma í veg fyrir að launagreiðslum til ráðandi aðila í félagi sé haldið í lágmarki en á sama tíma sé greiddur verulegur arður úr félögum. Slíkt hafi skapað óeðlilegt misræmi í skattlagningu heildartekna á milli rekstrarforma. Í svari við fyrirspurnunum segir ríkisskattstjóri að það skipti sköpum varðandi skattlagningu úthlutaðs heimilaðs arðs hvort móttakanda beri að reikna sér endurgjald eða ekki.

Í fyrirspurninni komi fram að allar eignir viðkomandi einkahlutafélags hafi verið seldar og rekstur þess aflagður. Ekki komi nánar fram um aðra tilhögun eða stöðu félagsins, en þó verði að ráða af samhenginu að um einhverjar eignir sé að ræða í því. Óumdeilt sé að eigendum félagsins hafi borið að reikna sér endurgjald vegna starfa í þágu þess, a.m.k. áður en almennur rekstur þess var seldur. Svar ríkisskattstjóra byggir þó á þeim forsendum að hvorki eigendur né aðrir starfsmenn starfi í þágu félagsins eftir sölu rekstrarins úr félaginu.

Við úrlausn á fyrirbyggjandi álitafni telur ríkisskattstjóri að annars vegar þurfi að taka afstöðu til þess hvort það eitt ráði úrslitum hvort hlutaðeigandi eigandi er móttækur að hafi borið að reikna sér endurgjald þegar formlega er tekin ákvörðun um arðsúthlutun og hins vegar hvort eingöngu eigi að líta til stöðu eigandans hjá félaginu á því ári sem arðsúthlutun miðast við (árið 2010 vegna arðsúthlutunar 2011). Að mati ríkisskattstjóra, með vísan til markmiða ákvæðisins, skal ekki einvörðungu líta til stöðu hlutaðeigandi eiganda hlutafjár á því tímamarki þegar ákvörðun um arðsúthlutun fer fram, heldur á að líta á stöðu hans heildstætt á því ári. Hafi eigandi starfað í þágu félagsins innan ársins lítur ríkisskattstjóri svo á að hann falli innan marka ákvæðisins.

Niðurstaða ríkisskattstjóra samkvæmt þessu er sú að arður sem greiddur er til eigenda á árinu 2010, eftir sölu rekstrar, umfram 20% af skattalegu bókfærðu virði eigin fjár, skattleggist sem laun. Enda hafi skylda til að reikna sér endurgjald verið fyrir hendi á árinu, fyrir sölu rekstrarins.

Arður sem greiddur er til eigenda á árinu 2011, umfram 20% af skattalegu bókfærðu virði eigin fjár, verður skattlagður sem fjármagnstekjur, enda sé ekki að ræða þá starfsemi í félaginu að eigendum beri að reikna sér endurgjald vegna vinnuframlags síns.



Ákvarðandi bréf nr. 11/2 - Skattlagning arðs sem er umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé

Ef stjórnarmaður telst starfa við rekstur eigin félags í skilningi tekjuskattslaga, þá ber honum að reikna sér endurgjald fyrir slík störf. Ef sú skylda er fyrir hendi, þá fellur arðsúthlutun umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé félagsins undir ákvæði 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga. Ef sú skylda er ekki fyrir hendi, þá skattleggst úthlutaður arður með fjármagnstekjuskatti.

Í ákvarðandi bréfi ríkisskattstjóra frá 21. janúar 2011, svaraði ríkisskattstjóri fyrirspurn um skattlagningu arðs sem umfram er 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé. Í fyrirspurnarbréfinu kemur fram að fyrirspyrjandi hyggist láta af störfum í árslok 2010 sem framkvæmdastjóri í hlutfélagi þar sem hann hefur stöðu ráðandi aðila. Félaginu hafi vegnað ágætlega og þess megi vænta að greiddur verði út arður á árinu 2011. Þegar ákvörðun um arðsúthlutun verður tekin þá verður fyrirspyrjandinn ekki lengur starfandi fyrir félagið. Hann muni þó hugsanlega setjast í stjórn þess.

Óskað var eftir viðhorfi ríkisskattstjóra til eftirfarandi túlkunar fyrirspyrjanda á 1. mgr. 11. gr. laga um tekjuskatt;

„Af stöðu viðkomandi einstaklings eftir ofangreind starfslok verður því ekki séð að honum beri að reikna sér til tekna sem laun, skv. 1. tl. A-liðar 7. gr. TE, 50% af heimiludum úthlutaðum arði, ef arðsúthlutun félagsins, samkvæmt ákvörðun aðalfundar 2011, verður samtals umfram 20% af skattalegu bókfærðu eigin fé þess í árslok viðmiðunarárs, sbr. 11. gr. laga nr. 90/2003 um tekju- og eignarskatt (sic).“

Í svari ríkisskattstjóra við fyrirspurninni kemur fram að við beitingu ákvæðisins verði að líta til tilgangs þess og þeirra aðstæðna sem því er ætlað að bregðast við. Leiði það til þess að líta verði heildstætt á atvik máls hverju sinni. Í ákvæðinu komi fram að úrslitum ráði hvort aðila beri skylda til að reikna sér endurgjald. Að auki kemur ekki fram hvort eingöngu sé gerð krafa um að sú skylda sé fyrir hendi þegar ákvörðun um arðsúthlutun er tekin. Að mati ríkisskattstjóra er ljóst að ekki nægir að líta einungis til þess tímamarks sem ákvörðun um arðsúthlutun er tekin, heldur beri að líta heildstætt á stöðu

hlutaðeigandi manns á því ári, en ekki verði lesið úr ákvæðinu að jafnframt eigi að líta til þess tíma sem arðsúthlutunin miðast við, þ.e. undanfarin ár. Af þessu leiði að sé skylda til að reikna sér endurgjald fyrir hendi innan þess árs sem ákvörðun um úthlutun er tekin, þá verði að leiða að því líkum að 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaga eigi almennt við.

Í svari ríkisskattstjóra segir að auki, að við ákvörðun þess hvort manni sem situr í stjórn félags í sinni eigu beri að reikna sér endurgjald þurfi að leggja mat á það hvort hann teljist vinna við reksturinn í skilningi 1. tölul. A-liðar 7. gr. laga um tekjuskatt, sbr. 4. mgr. 58. gr. sömu laga. Félagstjórn og framkvæmdastjóri fara saman með stjórn félags og bera báðir aðilar ábyrgð á rekstrinum. Reglur löggjafar um hlutfélög endurspeglir það mikilvæga hlutverk sem felst í starfi þeirra sem sitja í stjórnnum félaga. Þó verði ekki framhjá því litið að í einhverjum tilvikum sitja menn í stjórn félags án þess að fara með stjórn félagsins í raun eða koma að ákvörðunartöku um daglegan rekstur að öðru leyti þrátt fyrir þá ábyrgð sem á þeim hvílir og ekki verður undan vikist. Við slíkar aðstæður verður ekki séð að skylda til að reikna sér endurgjald sé almennt fyrir hendi. Sé hlutaðeigandi stjórnarmaður hins vegar starfandi stjórnarmaður ber honum að telja sér til tekna eðlilegt endurgjald vegna þeirrar vinnu er hann innir af hendi fyrir félagið. Ef sú skylda er fyrir hendi þá skal fara með arðsúthlutun eftir 1. mgr. 11. gr. tekjuskattslaganna.

Dómur Hæstaréttar í máli nr. 603/2010, frá 14. febrúar 2011. Tölvu-Pósturinn ehf. gegn Frjálsa fjárfestingabankans hf.

Sönnunarbyrðin lögð á bankana um að gengistryggð lán hafi verið hagkvæmari kostur fyrir lántakanda. Til að fá niðurstöðu um kröfugerð verður að halda kröfu til streitu í máli. Lögspurningar ekki heimilar fyrir dómstólum.

Þann 14. febrúar s.l. voru kveðnir upp tveir dómar, Hrd. 603/2010 og Hrd. 604/2010, þar sem ágreiningsefnið var lánasamningar vegna fasteignalána, sem höfðu gengistryggingu, en sambærilegir samningar vegna bílalána höfðu verið dæmdir ólöglegir áður af Hæstarétti. Aðildin að málum þessum voru annars vegar fyrirtæki í máli Hrd. nr. 603/2010, Tölvu-Pósturinn ehf. (T ehf.) og

hins vegar einstaklingar í máli Hrd. nr. 604/2010. Sambærileg sjónarmið eiga við í báðum dómum og því verður fjallað hér um Hrd. nr. 603/2010.

Hagsmunir T ehf., voru þeir að forsvarsmenn fyrirtækisins töldu sig hafa ofgreitt af láninu og lýstu af þeim sökum kröfum í Frjálsa fjárfestingabankann hf. sem er í slitameðferð. Frjálsi fjárfestingabankinn hf. (F hf.) hafnaði kröfu T ehf. og því var þetta mál höfðað, til viðurkenningar á kröfunni.

Ágreiningur aðila laut einkum að tvennu. Annars vegar hvort skuldbinding T ehf. samkvæmt lánsamningi hafi verið ákveðin í íslenskum krónum eða erlendum myntum. Hins vegar hvaða vexti skuldin bæri yrdi niðurstaðan sú að höfuðstóllinn væri í íslenskum krónum og að óheimilt hefði verið að binda fjárhæð hans við breytingar á gengi krónu gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Hæstiréttur hefur þegar tekið afstöðu til beggja ágreiningsefna. Annars vegar með dómum Hrd. nr. 92/2010 og Hrd. nr. 153/2010 frá 16. júní 2010, þar sem gengistryggð bílalán voru dæmd ólögmat. Hins vegar vísaði dómurinn til niðurstöðu Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli Hrd. nr. 471/2010 um hvernig reikna skuli vexti af lánum sem eru ólögmat vegna gengistrygginga. Voru þessi sjónarmið ítrekuð og staðfest í samræmi við fyrri dómafrankvæmd.

Í tengslum við þessa kröfugerð bar Frjálsi fjárfestingabankinn hf. fyrir sig að heimilt hafi verið að lána með gengistryggingu, því það hafi verið til hagsbóta fyrir lántakandann. Hæstiréttur benti á að tilvísað ákvæði væri undantekningarákvæði og ekkert lægi fyrir um hvort það hafi verið hagkvæmara fyrir lántakanda. Yrði þar að skoða endanlega útkomu að lánstíma liðnum. Sönnunarbyrðin var lögð á F hf. vegna þessa, en gögn höfðu ekki verið lögð fram þessu til stuðnings.

Þriðja ágreiningsefnið í málinu var kröfugerð T ehf. um ofgreiddar afborganir á láninu til F hf. Undir rekstri málsins fyrir Hæstarétti lagði F hf. fram útreikning sem sýndi samanburð á gengistryggða láninu og uppreiknuðu láni samkvæmt framangreindum dómi um vaxtaútreikning eins og staða beggja lána stóð 11. janúar 2011. Niðurstaða þessa samanburðar, sem ekki var mótmælt, sýndi að ekki hafði verið ofgreitt, heldur skuldaði T ehf. enn nokkra upphæð til að geta talist hafa staðið í skilum.

Var því staðfest að T ehf. átti ekki kröfu á F hf.

Eins og fram kemur í úrskurði héraðsdóms hafði F hf. uppi kröfu til þrautavara í framhaldsgreinargerð að viðurkennt yrði að höfuðstóll veðskuldabréfsins í íslenskum krónum skyldi bera vexti í samræmi við dóm Hrd. 471/2010. Krafiðist F hf. einnig að slíka vexti skyldi reikna frá útborgunardegi lánsins. Í framhaldsgreinargerð T ehf. í héraði, var gerð krafa um að ef fallist yrði á framangreinda þrautavarakröfu varnaraðila, skyldu umkrafaðar breytingar á ákvæðum veðskuldabréfsins ekki taka gildi fyrr en frá og með úrskurðardegi, en ekki frá útborgunardegi skuldabréfsins.

Fyrir Hæstarétti breyttust kröfur málsaðila þannig að F hf. krafðist einungis staðfestingar á að hafnað yrði kröfu sóknaraðila og af þeim sökum var ekki lengur uppi krafa um að mismunur yrði greiddur ef Hæstiréttur staðfesti að hann væri til staðar. Hæstiréttur sagði um þetta atriði: „*Er þegar af þessum ástæðum ekkert í kröfugerð málsaðila sem lýtur að viðurkenningu á ætluðum rétti varnaraðila til greiðslu úr hendi sóknaraðila vegna liðins tíma. Að þessu virtu felur áður nefnd umfjöllun í greinargerð sóknaraðila í sér lögspurningu sem ekki kemur til neinna álita í málinu.*“

Héraðsdómur Reykjavíkur mál nr. E-5215/2010, frá 18. febrúar 2011. Sjómannafélag Íslands gegn Arion banka hf.

Endurgreiðsluskylda banka staðfest í héraðsdómi, ef um ofgreiddar afborganir er að ræða á ólögætum gengistryggðum lánnum.

Í nýlegum dómi sem féll í héraðsdómi Reykjavíkur, var enn verið að takast á um ágreining vegna gengistryggðra lána. Líkt og annars staðar er vikið að í þessum punkti voru gengistryggð lán dæmd ólögæt í júní 2010 og í september 2010 var dæmt um hvernig vextir skyldu vera reiknaðir á slík lán. Öll sömu sjónarmið eiga við í þessu máli varðandi ágreining um hvernig lán eru hér til skoðunar og er öll meginhugsun Hæstaréttar frá fyrri dómum staðfest.

Hér var hins vegar þannig háttað að Sjómannafélagið taldi sig hafa ofgreitt, sem nam tæpum 20 milljónum króna og ætti endurkröfurétt á Arion banka vegna þessa. Dómurinn fór í gegnum meginregluna um hvort endurgreiðsla væri heimil, en sjónarmið málsaðila virðast ekki hafa verið reifuð í málflutningi eða málgögnum. Byggti dómurinn aðallega á þeirri meginreglu að ef skylda væri ekki til þess hjá skuldara að greiða umfram skilgreinda upphæð, þá bæri kröfuhafa að endurgreiða það sem umfram væri greitt. Í þessum dómi var málið samt ekki alveg svona einfalt. Hér voru tvö tímamörk sem þurfti að skoða sérstaklega. Annars vegar í október 2008 þegar flestar eignir gamla Kaupþings voru færðar yfir í Nýja Kaupþing (nú Arion banka) og hins vegar í janúar 2010 þegar skjöl sem lögð voru fram, sýndu fram á að þetta ákveðna skuldabréf hafi fyrst verið fært yfir í Arion banka á því tímamarki. Sjómannafélagið greiddi allar afborganir af láninu til Nýja Kaupþings og síðar Arion banka, en liðlega fimm milljónir króna voru greiddar sem uppgreiðsla lánsins um miðjan janúar 2010, eða nokkrum dögum eftir að bréfið fluttist yfir til Arion banka. Aðrar greiðslur hafði bankinn tekið á móti í umboði eiganda bréfsins og skilað til þeirra.

Á grundvelli endurgreiðsluskyldu vegna oftekinna innborganna staðfesti dómurinn að uppgreiðslan, liðlega fimm milljónir króna, ætti að endurgreiða Sjómannafélaginu, enda sýnt fram á að þá hafi skuldabréfið verið í eigu Arion banka.

Þessi niðurstaða leiðir til þess að Sjómannafélagið þarf að sækja rétt sinn til gamla Kaupþings, sem nú er í slitameðferð og Seðlabanka Íslands, en báðir aðilar áttu bréfið á undan Arion banka.

Álit Umboðsmanns Alþingis nr. 5925/2010, 5926/2010 og 5927/2010

Gæti verið von á breytingum á lögum eða framkvæmd skattalaga hvað við kemur álagi og fésektum.

Á grundvelli úrskurða yfirsattanefndar, þar sem nefndin komst að þeirri niðurstöðu að aðilum yrði gert að greiða fésektir fyrir tilgreind brot á skattalöggjöfni, kvörtuðu aðilar til umboðsmanns alþingis á grundvelli

þess að í málunum hefði ekki verið tekin til greina sú málsástæða að vísa bæri málunum frá á þeim grundvelli að gjaldendum hefði þegar verið ákvarðað álag á vantalda skattstofna með úrskurðum ríkisskattstjóra. Var þannig byggt á réttinum til að þurfa ekki að sæta endurtekinni málsmeðferð eða tvöfaldri refsingu, sbr. 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við Mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE) sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994. Í þessu sambandi er vert að geta þess að samkvæmt dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu hefur álag talist vera refsing í skilningi 1. mgr. 6. gr. MSE, en hugtakið „refsing“ í 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við MSE hefur verið skýrt til samræmis við 1. mgr. 6. gr. MSE.

Ákvæði 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka við MSE er sett til verndar mannréttinda og réttaröryggis borgaranna. Að baki því býr fyrst og fremst það sjónarmið að sá sem þarf að sæta opinberri málsmeðferð vegna gruns um refsiverða háttsemi á að geta treyst því að endanleg úrlausn málsins feli jafnframt í sér lok afskipta hins opinbera af lífi hans og hagsmunum vegna þeirrar tilteknu háttsemi hans. Það kunnir að skapa óþolandi óvissu fyrir þann, sem t.d. hefur verið sýknaður af ákæru um refsiverða háttsemi, að vita til þess að hann þurfi hugsanlega síðar meir að standa frammi fyrir ákæru og málsmeðferð af sama tilefni.

Umboðsmaður tók hins vegar ekki efnislega afstöðu til álitaefnisins í ljósi niðurstöðu Hæstaréttar Íslands frá 22. september 2010 í máli nr. 371/2010 og taldi því að ekki væri grundvöllur til athugasemda af hans hálfu við þau atriði í úrskurðum yfirsattanefndar sem kvartanir beindust að.

Í fyrrgreindu dómi Hæstaréttar kom fram að óvissu gætti um skýringu bæði á gildissviði og inntaki 4. gr. 7. viðauka við MSE. Engin fordæmi væru fyrir því frá Mannréttindadómstóli Evrópu að það færi í bága við ákvæðið að stjórnvöld beiti álagi á skattstofna vegna brots á reglum um að telja fram til skatts og að sama manni væri í öðru máli gerð refsiviðurlög fyrir dómi vegna sömu málsatvika. Héraðsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að vísa tilteknum köflum ákærunnar frá dómi, þar sem Mannréttindadómstóll Evrópu hafði með nýlegum dómi vikið frá fyrri fordæmum sínum um túlkun á skilyrðinu um „sama brot“ þannig, að nægjanlegt sé að málsmeðferð í síðara máli varði sömu eða samsvarandi atvik og lágu

til grundvallar málsmeðferð eða refsingu í fyrra málinu. Hæstiréttur felldi hins vegar úr gildi úrskurð héraðsdóms um að vísa frá tilteknum köflum ákærunnar, m.a. fyrir meint brot vegna ábyrgðar á persónulegum skattskilum þeirra aðila sem um ræddi, og lagði fyrir héraðsdóm að taka málið til efnis-meðferðar.

Umboðsmaður ákvað hins vegar, þrátt fyrir að taka ekki afstöðu til álitaefnisins á grundvelli kvörtunarinnar, að rita álit á grundvelli 11. gr. laga um umboðsmann Alþingis, en samkvæmt ákvæðinu er lögð skylda á umboðsmann að tilkynna það Alþingi, hlutaðeigandi ráðherra eða sveitarstjórn ef umboðsmaður verður þess var að meinbugir séu á gildandi lögum eða almennum stjórnvaldsfyrirmælum.

Í álitinu fer umboðsmaður yfir lagagrundvöll að baki álagsbeitinga og refsinga í skattamálum, þ.e. ákvæði 108. og 109. gr. laga um tekjuskatt, 27. og 40. gr. laga um virðisaukaskatt, og 28. og 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda.

Frekari upplýsingar

Vinsamlega hafið samband ef óskað er eftir frekari upplýsingum.

Ábyrgðaraðili:

Vala Valtýsdóttir, sviðsstjóri
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Ritstjóri:

Pétur Steinn Guðmundsson, lögfræðingur
Skatta- og lögfræðisvið Deloitte

Umboðsmaður tók fram að ljóst sé að í íslenskum skattalögum er byggt á því að til þess geti komið að fjallað sé um brot gegn skattalögum í tveimur aðskildum málum. Annars vegar af hálfu skattyfirvalda í formi ákvarðana um álagsbeitingu og hins vegar af hálfu yfirsattanefndar eða dómstóla í formi fésekta, og í tilviki dómstóla einnig í formi fangelsisrefsingar ef slík refsíákvæði eiga við, þótt þau geti átt rót sína að rekja til sömu eða samofinna atvika. Þá fer umboðsmaður yfir fyrrgreindan dóm Hæstaréttar og fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu. Fer hann jafnframt yfir viðbrögð í Noregi og Svíþjóð í kjölfar dóma Mannréttindadómstólsins.

Var það niðurstaða umboðsmanns að verulegur vafi sé á því að beiting fyrrgreindra ákvæða skattalaga sé í öllum tilvikum í samræmi við 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka MSE, eins og ákvæðið verður túlkað í ljósi dóms Mannréttindadómstóls Evrópu frá 10. febrúar 2009 í máli Zolotukhin gegn Rússlandi.

Taldi því umboðsmanni rétt að vekja athygli Alþingis, fjármála- og innanríkisráðherra á því að tilefni kunní að vera til þess að fyrrnefnd lög og/eða framkvæmd þeirra verði tekin til endurskoðunar með það fyrir sjónum að þau samrýmist 1. mgr. 4. gr. 7. viðauka MSE.

Samkvæmt því gæti verið von á frumvarpi frá Alþingi varðandi breytingar á fyrrgreindum ákvæðum, t.d. í þá veru að skattyfirvöld verði að velja á milli þeirra leiða sem fara ætti með tiltekin mál. Sem dæmi má nefna að þegar ríkisskattstjóri fær mál til endurákvörðunar frá skattrannsóknarstjóra, þá þurfi að koma til val á leiðum; annars vegar álag hjá ríkisskattstjóra og þá ekki frekari meðferð hjá skattrannsóknarstjóra eða álagi sleppt hjá ríkisskattstjóra og endurákvörðun látin nægja og skattrannsóknarstjóri getur þá krafist þess að yfirsattanefnd taki málið til sektarmeðferðar.

Deloitte refers to one or more of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, a UK private company limited by guarantee, and its network of member firms, each of which is a legally separate and independent entity. Please see www.deloitte.com/about for a detailed description of the legal structure of Deloitte Touche Tohmatsu Limited and its member firms.

Deloitte provides audit, tax, consulting, and financial advisory services to public and private clients spanning multiple industries. With a globally connected network of member firms in more than 150 countries, Deloitte brings world-class capabilities and deep local expertise to help clients succeed wherever they operate. Deloitte's approximately 170,000 professionals are committed to becoming the standard of excellence.

This publication contains general information only, and none of Deloitte Touche Tohmatsu Limited, its member firms, or their related entities (collectively, the "Deloitte Network") is, by means of this publication, rendering professional advice or services. Before making any decision or taking any action that may affect your finances or your business, you should consult a qualified professional adviser. No entity in the Deloitte Network shall be responsible for any loss whatsoever sustained by any person who relies on this publication.